

Helgi Tómasson

22. nóvember 2015

Próun í Gana og Nígeríu: Samanburðarstofnanahagfræði

Þorbjörg Kristjánsdóttir (2015) rekur afríska sögu. Þema sögunar eru afrísk vanamál. Hvers vegna gengur Afríku svona illa? Var það er fram þeirri hugmynd að illa skilgreindur eignarréttur sé mikilvæg skýring. Er hægt að setja fram náttúrulega tilraun hér (sbr. Japan)?

Virðist olían blessun fyrir Nígeríu? Voru ruðningsáhrifin eins og þar það sem Norðmenn vildu forðast?

Höfðu nýlendutímarnir mikil áhrif? Hve margir voru Englendingarnar sem þangað komu og hve miklu breyttu þeir?

Sagt er frá ýmsum hagstofustærðum, hagvexti, mannfjölda, lífslíkum, o.s.frv. Einnig er sagt frá loðnari mælikvörðum eins lífshvítu og stjórnskipulagsvítu. Rættir um gæði regluverks, skilvirkni stjórnsvalda, færni almennings o.s.frv.

Helstu hagfræðilegar og félagslegar stærðir í Suður-Afríku

Höskuldur Marselíusarson (2015) rekur sögu Suður-Afríku.

Athyglivert að eignarréttur á svæðum svartra lyti öðrum lögmálum en á svæðu enskra og hollenskra. Athyglivert að svartir galdralæknar og ættbálkahöfðingjar setja viðskiptahindranir á vörur hvíttra.

Hugsanlega má túlka sögu Suður-Afríku sem náttúrulega hagfræðitilraun. Hagvaxtar- og verkfallatölur sýna mjög dapra þróun á undanförunum árum. Ýmsir aðrir hagvísar gefa enn fremur tilefni til svartsýni. Ritgerðin er blanda af sögulegu yfirliti og ýmsum nýlegum hagstofustærðum.

Tæknigreining á hlutabréfaverði Icelandair Group

Þórarinn Jónmundsson (2015) segir frá greining á markaðsgögnum á hlutabréfamarkaði.

Rætt er um grundvallarhugtakið skilvirkir markaðir og stærðifræðlegar nálganir á því.

Ein einfaldasta útfærslan er að logaritmi verðs fylgi Brown hreyfingu með drift. Gögnum hefur verið safnað. Gögnin virðast gefa til kynna að stærstu frávik séu stærri (fleiri staðalfrávik) en normaldreifingin leyfir.

Stungið er upp á því að meta GARCH líkan til að ná hugsanlegum þungum hölum í dreifingu ávöxtunar.

Utanríkisviðskipti með landbúnaðarafurðir

Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir (2015) skrifar um utanríkisviðskipti með landbúnaðarafurðir.

Hún rekur stuðning við innlendan landbúnaði í formi viðskiptahindrana. Tollar verka á tvennan hátt, annars vegar sem skattur og hins vegar sem verðbjögun. Pólítísk og hugmyndafræðileg rök eru oft nefnd í landbúnaði, t.d. þjóðin þarf að geta brauðfætt sig.

Rakin eru samskipti Íslands við alþjóðleg, kerfi EFTA, EES, WTO. Sagt er frá þróun innflutnings/útflutning. Á hvaða verðlagi? Er útflutningur á kindakjöti ekki ríkisstyrktur?

Í ritgerðinni er nefnt að framleiðslukostnaður á Íslandi sé hár. Hvers vegna er það?

Hvatar í launakerfum

Elka Ósk Hrólfsdóttir (2015) tekur fyrirbærið hvatalaun fyrir. Öll hagfræði byggir á hvötum. Þar eru rakin haglíkön þar sem ósamhverfar upplýsingar hafa áhrif.

Minnst er á kostnað vegna eftirlits með ástundun/slugsí. Einnig er minnst á að hvatakerfi henta misvel eftir því á hvaða sviði starfsemin er. Tekið er skemmtilegt sögudæmi úr bílaframleiðslu Ford, þar sem starfsmannavelta var of mikil.

Hvatar í erfiðum greinum, hjúkrun/stjórnun/kennsla?

Áhrif lækkunar olíuverðs á efnahag Noregs

Fanney Þorbjörg Guðmundsdóttir (2015) segir frá áhrifum olíu á Noreg.

Ritgerðin hefst á sögulegu yfirlit um fund olíu og ríkisfjármál Noregs.

Klassískur vandi um það að tímasetja kreppu er nefndur.

Sagt er frá sjóðaformi lífeyrissjóða, GPFG og GPFN

Rakin eru áhrif að lækkun olíuverðs 1986 og hvernig stefna í stjórnun opinberra fjármála hefur þróast.

Verðmyndun á olíu í heiminum er flókin. Margir aðilar með afar olíkar aðstæður, Arabar, Íranir, Rússar o.s.frv. Jafnvel innan Noregs mikill margbreytileiki.

Sýndar eru myndir að verðþróun olíu og gengis krónu og dollars. Eru þetta óháðar tímaraðir?

Flókin vandamál blasa við Noregi.

Einkaleyfi: Saga og þróun

Ingibjörg Erla Þórhallsdóttir (2015) segir frá fyrirbærinu einkaleyfi. Eignarréttur er grunnhugtak í skipulegu samfélögum og undirstaða þróunar. Hagfræðilega er einkaleyfi eins konar form á einokun. Í opinberri stjórnsýslu, t.d. við skipulagningu samgangna hefur oft verið gripið til þess að bjóða út sérleyfi til að tryggja ákveðna þjónustu við samfélagið. Mér finnst að það þurfi að gera greinarmun á einkaleyfi/ sérleyfi sem fræðilegu hugtaki og tæknilegum útfærslum. Hvernig á að útfæra þetta? Hvað er einkaleyfishæft? O.s.frv.

Í ritgerðinni er rakin núverandi útfærsla á Íslandi, þ.e. að Einkaleyfastofa sjá um þetta o.s.frv.

Rakin er saga ýmissa stofnana, WIPO, PCT.

Mig minnir að hagfræðingar eins og Bessen og Nelson hafi skrifað um hagfræði einkaleyfa. Ég kannast líka við lögfræðingana Lessig og Moglen. Hverjir eru gallar einkaleyfa?

Fjármögnun fasteignakaupa

Sigríður Ýr Aradóttir (2015) segir frá íslenskum fasteignamarkaði. Fjallar um lántökuumhverfi fasteignakaupenda á Íslandi. Áhersla er á þá sem eru að kaupa fyrstu eign. Minst er á fræðilega skilgreiningu á hugtakinu fasteign. Rakin eru tæknihugtök á lánamarkaði, lán með föstum vöxtum, lán með breytilegum vöxtum, verðtryggð/óverðtryggt, jafngreiðslulán, veðhlutfall, o.s.frv. Einnig er núverandi útfærsla í lánastofnunum rædd. Empírísk gögn sem sýna þróun frá 1990 til 2014 eru sýnd. Þegar svona er skoðað er mikilvægt að þekkja aðrar stærðir, t.d. verðlagsþróun og vaxtaþróun.

Mikilvægt atriði er hvort íbúi í húsi hefur stöðu eiganda eða leigjanda. Vegna skorts gagnsæi og margbreytileika leigjenda er ekki auðvelt að bera saman, kostnað og aðra eiginleika sem blasa við þeim sem þurfa að taka ákvörðun um stöðutöku á fasteignamarkaði.

Eins og vænta má (heilbrigð skynsemi og alþjóðleg gögn) er dýrast að fjármagna síðasta bitann í kaupum.

Minnst er á dægurmálaútfærslur svo sem „leiréttinguna og notkun á óskattlögðum viðbótarlífeyrissparnaði. Eru þetta góðar aðgerðir? Eða eru þetta aðgerðir sem bara hækka verðið?

Tekið er sýnidæmi um fólk sem ætlar að kaupa. Í því dæmi er fólk 5 ár að spara fyrir útborgun í lítilli íbúð. Er þetta stuttur eða langur tími?

- Elka Ósk Hrólfsdóttir (2015). Hvatar í launakerfum. Hagnýtar hagmælingar 2015.
- Faney Þorbjörg Guðmundsdóttir (2015). Áhrif lækkunar olíuverðs á efnahag noregs. Hagnýtar hagmælingar.
- Höskuldur Marselíusarson (2015). Helstu hagfræðilegar og félagslegar stærðir í Suður-Afríku. Hagnýtar hagmælingar 2015.
- Ingibjörg Erla Þórhallsdóttir (2015). Einkaleyfi: Saga og þróun. Hagnýtar hagmælingar 2015.
- Sigríður Ýr Aradóttir (2015). Fjármögnun fasteignakaupa: Getur ungt fólk í dag keypt sér íbúð? Hagnýtar hagmælingar haust 2015.
- Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir (2015). Utanríkisviðskipti með landbúnaðarafurðir. Hagnýtar hagmælingar 2015.
- Þorbjörg Kristjánsdóttir (2015). Þróun í Gana og Nígeríu: Samanburðarstofnanahagfræði. Hagnýtar hagmælingar 2015.
- Þórarinn Jónmundsson (2015). Tæknigreining á hlutabréfaverði Icelandair Group. Hagnýtar hagmælingar 2015.